

Pési



Lesið þetta

- Boðskapur jólanna
- Auglýsingar
- Fréttir
- Kvenfélagið
- Námskeið

Næsti Pési kemur út 15. jan. Skil á efni er 11. jan

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fréttir	3
Hrunaspjall	8
Bókasafnið	13
Jarðgerð	18
Jólatréssala	23

Des 2009

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 233. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Jólakveðja

Sendum lesendum Pésans, starfsmönnum- og íbúum Hrunamannahrepps hugheilar jóla og nýárskveðjur. Sveitarstjóri og Hreppsnefnd Hrunamannahrepps



Þorbjörn í Áshlíð með “Black cross” mink

Ljós: SigSigm



2

Marek Izefik flokkar egg á Hönnastöðum

Ljós: SigSigm

Er boðskapur jólanna gleymdur?

Það er að verða jólalegt í hreppnum okkar. Hvergi er þó meiri eftirvænting en hjá unga fólkinu og stemningin í leikskólanum er engu lík. Enda má með sanni segja að jólin sjálf séu engu lík og eins og sr. Jón Þorsteinsson orðaði það einhverju sinni: „að jólin væru í raun og veru kraftaverk kærleikans“. Jólunum fylgir hátíðleiki og hefðir sem fjölskyldur og einstaklingar koma sér upp. Fólk upplifir jólin hvert með sínum hætti allt eftir aldri og aðstæðum hverju sinni. Aðventan er tími undirbúnings jólanna. Það var ánægjuleg samverustund sem við áttum í Félagsheimilinu fyrsta sunnudaginn í aðventu og athyglisverð orð prestsins okkar, sr. Eiríks Jóhannssonar, þegar hann minnti okkur á að í 127 síðna jólablaði, sem fylgdi einu dagblaðanna var hvergi minnst á boðskap jólanna heldur einungis umbúðirnar í kringum jólin. Þetta minnir okkur svo sannarlega á að við berum að gæta að okkur í jólaumstanginu. Jólin eru einmitt sá tími sem svo gott er að nema staðar og íhuga, styrkja fjölskylduböndin og hugsa til þeirra sem minna mega sín í samfélaginu. Við höfum líka svo sannarlega verið minnt á fallvættleika hins daglega lífs á undanförunum misserum. Við höfum líka verið minnt á það sem mestu máli skiptir í lífinu sem er heilsan, fjölskyldan og vinnan. Einnig skipir miklu máli samskiptin við vini okkar og þátttaka í félagslífi. Þetta þekkjum við allt vel, ýmislegt finnst okkur alveg sjálf-sagt og gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því hve mikil vinna liggur að baki t.d. adventustundar eins og við upplifðum um daginn. Þar njótum við krafta fjölmargra t.d. kvenfélagsins okkar, kirkjunnar, félagsstarfs aldraðra, skólanna o.fl. mætti nefna. Það er gaman að velta fyrir sér hve hughrifin eru sterk þar sem skólakórinn og kór aldraðra leggja saman krafta sína. Ekkert af þessu er sjálfgefið en þetta brúar svo sannarlega kynslóðabilið og styrkir vina- og fjölskyldubönd. Einhverju sinni sagði Kaj Munk að „aðfangadagskvöldið væri sá tími þegar menn og Guð skilja hverjir aðra“. Það er mín einlæga ósk að sá tími megi verða lengri en bara eitt kvöld á ári. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps og starfsmenn hreppsins óska íbúum Hrunamannahrepps og öllum lesendum Pésans gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs.

Ísólfur Gylfi Pálmsón.

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps



Björgunarfélagið

Enn og aftur kom í ljós hve miklu máli skiptir starf Björgunarfélagsins Eyvindar þegar maður féll 4 metra niður í grunn í grennd við Flúðir á dögnum. Þá þustu á vettvang nokkrir björgunarfélagsmenn til aðstoðar við þessar skelfilegu aðstæður. Viku seinna voru þeir kallaðir út til þess að leita að vegfaranda sem ekið hafði út af veginum við Auðsholt. Björgunarsveitir landsins virka á margan hátt eins og herir í stærri löndum. Starf björgunarfélagsins er ómetanlegt og þeir hafa líka komið upp þeim fallegu ljósum sem prýða Langholtsveginn. Þeir undirbúa nú þrettándabrennu, flugeldasýningu o.fl. sem tilheyrir jólum og áramótum. Ein af fjáröflunarleiðum Björgunarfélagsins Eyvindar er einmitt sala á flugeldum.

Karлакórskvöldið dulmagnað

Það ríkti mikil gleði og samheldni á árlegu karlakvöldi Karlakórs Hreppamanna. Að þessu sinni var aðalrétturinn saltkjöt og baunir sem brögðuðust sem aldrei fyrr. Margt var sér til gamans gert og einhverjum bílstjóranum varð að orði að hávaðinn í körlunum væri ekki minni en þegar konurnar geri sér glaðan dag. Skrækir karlanna komu á óvart. Það sem hins vegar mesta athygli vakti að þegar allt var dottið í dúnalogn og allir farnir til síns heima, voru tvær hækjur í salnum sem var snyrtilega komið fyrir í einu horninu. Engin hefur enn vitjað hækjanna. Hins vegar eru uppi miklar vangaveitur um tilkomu hækjanna. Fyrsta kenning er sú að sá sem með hækjurnar kom hafi hressts svo mikið að hann hafi ekki þurft á þeim að halda lengur. Önnur kenning er sú að máttur sóknarprestsins okkar sé svo mikill að hann hafi snert þann sem með hækjurnar kom og sá hafi orðið heill meina sinna á eftir. Þriðja kenningin er sú að sá sem með hækjurnar kom hafi gert þetta sem fyrirbyggjandi aðgerð þ.e. ef hann yrði of fullur þá gæti hann staulast heim með hækjurnar. Fjórdá og síðasta kenningin kom frá góðum manni sem á það til að fá sér fullmikið í krummann. Sá hinn sami sagði: „Blessaðir drengirnir mínir, karlinn hefur bara verið borinn út áfengisdauður.“ Hvað um það, skemmtunin var hin besta og hækjurnar eru enn í umsjón Stefáns húsvarðar sem stóð sig vel á þessari samkomu eins og öllum öðrum sem hann hefur komið nærri.

Nýtum aðstöðuna

Þessinn hvetur íbúa Hrunamannahrepps að nýta sér þá þjónustu sem í boði er bæði hvað varðar sundlaug, þreksal í íþróttahúsi, bókasafn og allt það sem boðið er uppá í þjónustu við íbúanna. Hér er í flestum tilfellum um fastan kostnað að ræða og eftir því sem fleiri nýta sér þjónustuna, þess betur.

Refa og minkabonar og tómir sjóðir!

Við veltum ekki alltaf fyrir okkur hve fjölbreytilegt mannlífið er hjá okkur í sveitinni. Hér eru menn sem þefa af náttúrunni og lesa hana á allt annan hátt en hinn almenni íbúi gerir. Þetta eru refa- og minkaveiðimennirnir okkar. Um margra ára skeið hafa verið hér mikilvirkar skyttur. Fyrst skal fræga telja Jón Óla og frænda hans Guðna frá Jaðri. Ekki eru síðri skytturnar Sigurður Hans Jónsson og Böðvar Thorsteinson. Hreinn á Þórarinsstöðum er einnig drjúgur veiðimaður og eins Kristinn í Þverspyrnu Fleiri frækna veiðimenn mætti nefna. Nú höfum við fengið þau skilaboð að ríkið mun ekki koma til móts við sveitarfélögin varðandi refaveiðar. Einnig höfum við fengið bréf um að fráveitusjóður sé tómur þannig að þaðan fáum við ekki þær um kr. 30 milljónir sem við gerðum ráð fyrir þegar við réðumst í fráveituframkvæmdir. En nú hefur hreinsimannvirkið fengið starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Dagur íslenskrar tungu

Sú skemmtilega hefð hefur skapast að á Degi íslenskrar tungu, afmælisdegi lista- skáldsins góða, Jónasar Hallgrímssonar, að nemendur og kennarar Flúða-skóla minnst dagsins með skemmtilegum hætti. Hingað á skrifstofuna kom fríður flokkur sem las fyrir okkur rykföllnu skrifinnanna ljóð eftir Davíð Stefánsson. Skemmtilegar umræður sköpuðust um skáldverkin. Þá kom einnig ung stúlka í heimsókn, Erla Ellertsdóttir, með harmonikkuna sína og spilaði fyrir okkur og þetta hristi verulega upp í skrifinnunum á kontórnum gott og gefandi að fá slíkar heimsóknir.

Gjaldeyrissköpun í Ásgerði og heimsókn góðra gesta

Það er mikið að gera hjá fjölskyldunni í Ásgerði þessa dagana og þar fer fram mikil gjaldeyrissköpun eins og reyndar í Borgarási en útflutningsatvinnugreinar ganga sem betur fer vel um þessar mundir. Sigurður minkabóndi tók sér þó eillitla pásu þegar hinn nýi glæsilegi leiðtogi Sjálfstæðismanna fundaði hér fyrir skömmu enda full ástæða til þess að hlusta á hann og fylgjast með því sem hann hefur fram að færa. Vinkonu okkar Margréti hóteltjóra leiddist heldur ekki að hlusta á þennan bráðmyndarlega unga mann. Einhverra hluta vegna sást ekki til sveitarstjórans á þessum fundi. En að öllu gamni slepptu þá skipta fundir sem þessir miklu máli og við hvetjum aðra leiðtoga eða fulltrúa stjórn-málaflokka að heimsækja okkur, því þannig fylgjast þeir með því sem hér er að gerast og komast í takt við umhverfið. Það búa ekki allir svo vel að senda oddvita sveitarfélagsins á þing, eins og gerðist hér í síðustu Alþingiskosningum og svo er fyrrverandi ráðherra í næsta hreppi.

Sorp og sorpmál

Hreppsnefnd veltir nú mjög fyrir sér með hvaða hætti er hægt að minnka sorpmagn hér í hreppnum þar sem nú er hætt að urða sorp í Kirkjuferjuhá-leigu og ekið verður með það í Sorpu í Gufunesi. Í þessu felst aukinn kostnaður og þess vegna er nauðsynlegt leita nýrra leiða í þessum efnum. Í vikunni fundaði hreppsnefnd og umhverfisnefnd vegna þessa og hingað komu fulltrúar Íslenska Gámafélagsins sem og umsjónarmaður sorphirðunnar í Bláskógarbyggð. Í stöðunni eru nokkrar leiðir, annað hvort að taka upp tveggja tunnukerfi eða þriggja tunnukerfi. Stefnt er að því að búið verði að finna hentugar lausnir fljótlega á næsta ári. Fólk er hvatt til þess að nýta þá gáma sem eru á gámasvæðinu norðan við Flúðir en þar eru gámar fyrir flokkað sorp.

Það er vandi að gefa út blöð

Stundum eru gerðar athugasemdir við okkur útgefendur Pésans um efni, efnistöð og efnisval, en engin sérstöð vísindi eru þar að baki. Fer helst eftir því hvernig vindar blása og veðrið er hverju sinni. Hins vegar tökum við öllum ábendingum vel því þær eru yfirleitt mjög til góðs og oft hægt að laga það sem aflaga hefur farið. Við lesum ekki hugsanir fólks og gerum líka stundum alls konar rósir eins og gengur, en ekki með vilja. En það gerist hjá fleirum en okkur. Á baksíðu eins dagblaðsins var á dögnum forláta mynd og viðtal við okkar ágæta starfsmann í eldhúsinu í skólanum hana Böddu frá Reykhóli á Skeiðum í Hrunamannahreppi. Þetta með Hrunamannahreppinn varð aðalatriði annars merkilegrar fréttar um hve mikil hannyrðakona hún Badda er. Einnig var í öðrum fjölmiðli talað um Auðsholtsveg í Bláskógarbyggð, verkefnastjóri varð að verslunarstjóra og þannig mætti áfram upp telja. Þetta er í rauninni ekki afsökun fyrir því að gera bommertur í skrifum í Pésann heldur til þess að sýna að allir eru mannlegir og geta gert mistök.

Líf í tuskunum í félagsmiðstöðinni

Það er ánægjulegt að fylgjast með Jóni Hjalta og krökkunum í Félagsmiðstöðinni Zero. Nú nýlega sótti Jón Hjalta um styrk til Æskulýðssjóðs sem er á vegum Menntamálaráðuneytisins. Vonandi fáum við styrk frá sjóðnum til uppbyggingarstarfs.

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram

Á fundi hreppsnefndar s.l. miðvikudag voru drög að fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps til fyrri umræðu lögð fram. Gert er ráð fyrir að seinni umræða fari fram fimmtudaginn 17. desember. Rekstur sveitarfélagsins okkar er í járnum eins og flestra annarra sveitarfélaga og er nauðsynlegt að gæta aðhalds meðan mesti ólgusjórinn ríður yfir í efnahagshruni þjóðarinnar.

Fasteignamat

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur farið fram á að fasteignamat í hreppnum verði endurskoðað. Eins og íbúum er væntanlega kunnugt um byggjast fasteignaskattar og hluti af þjónustugjöldum á því hvernig mat fasteigna er en það byggir m.a. á kaupsamningum sem gerðir hafa verið í sveitarfélaginu. Hins vegar er erfitt að gera sér grein fyrir verðmæti fasteigna hér í hrepp eins og annarsstaðar á landinu um þessar mundir.

Opnunartími skrifstofu Hrunamannahrepps um hátíðarnar.

23. desember opið frá kl. 9.00 til 12.00


24. desember lokað

28. desember 10:00-12:00 og 13:00-16:00

29 og 30 desember hefðbundin opnunartími

31. desember opið frá kl. 9.00 til 12.00

Starfsfólk hreppsskrifstofunnar óskar samstarfsfólki, hreppsbúum og öllum viðskiptavinum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs.



Dans 2010

Eftir jólin dustum við af dansskónum og pöntum okkur tíma á dansnámskeið sem hefst sunnudaginn 3. janúar 2010. Kennt verður frá kl. 15.00 til 17.00, alltaf á sunnudögum.

Námskeiðsgjald er 17.000 kr./parið fyrir 10 klst. kennslu. Kennt verður í 2 klst. í senn í alls 5 skipti. Kennslan fer fram í golfskálanum á Efra-Seli og kennari er Anna Berglind. Kenndir verða samkvæmisdansar, tjútt, gömlu dansarnir ofl.

Áhugasamir hafi samband við Ástu Guðnýju

í síma **486-6690** eða á netfangið asta.gudny@kaffisel.is

fyrir 30. desember n.k.



jólafundur jólafundur jólafundur jólafundur jólafundur jólafundur jólafundur

Minum á jólafund Kvenfélags Hrunamannahrepps sem haldinn verður í **Félagsheimili Hrunamanna**, sunnudaginn 13. desember kl. 11.00 f. háð.

Sjá nánar auglýsingu sem send var í dreifibréfi fyrr í vikunni

Með jólakveðju,

Kvenfélag Hrunamannahrepps



Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Kirkjustarfið hefur verið með hefðbundnu sniði hér prestakallinu á þessu hausti. Eins og ég nefndi hér fyrr í vetur, þá ákvað ég að draga aðeins saman í umfangi barnastarfsins. Sex samverur voru í því samhengi og svo til alltaf á bilinu 15- 20 manns. Mér fannst þetta ganga ágætlega og fermingarbörnin tóku því vel að hjálpa og stóðu sig með þryði.

Talandi um fermingarbörnin þá tóku þau þátt í árlegri söfnun á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar. Á landsvísu söfnuðust rúmar 8 miljónir. Börnin sem saman eru í fermingarfræðslunni (Hruna og Stóra-Núps prestaköll) söfnuðu 112.000-krónur. Mér sýnist það vera töluvert umfram landsmeðaltalið. Eru hér færðar fram þakkir, bæði til þeirra og ykkar sem létuð fjármuni af hendi rakna til þessa mikilvæga málefnis.

Haldið var uppá hundrað ára afmæli Hrepphólakirkju þann 11. október sl. það var einstaklega ánægjulegur dagur. Ég hef síðan verið í þremur 100 ára afmælistessum í héraðinu á Stóra Núpi, Kotströnd og síðast í Gaulverjabæ. Í eitt sinn fékk granna minn séra Egill Hallgrímsson í Skálholti til að syngja messuna fyrir mig í Hruna. Varð ég ekki annars var en menn tækju þessari nýbreytni vel og má í því samhengi minnst þess að í gömlum fundargerðum sem rýnt var aðeins í af tilefni afmælisins í Hrepphólum þá var þar að finna ályktanir þess efnis að hvetja til að prestarnir brygðu stöku sinnum út af vananum og messuðu hvor hjá öðrum.

Nú eru margvíslegar breytingar í bígerð í tengslum við kirkjustarfið. Kirkjuþing ákvað nú í haust að sameina þrjú prófastsdæmi á Suðurlandi þannig að segja má að hið forna Árneprófastsdæmi sé ekki lengur til og dagar mínir sem prófasts hér verða taldir nú um áramót. Biskup hefur sett séra Halldóru Þorvarðardóttur í Fells múla til að vera prófastur hins nýja Suðurprófastsdæmis til tveggja mánaða meðan fram fer skoðanakönnun meðal starfandi presta og sóknarnefndarformanna um það hverjum mönnum hugnist helst að taki formlega við þessu verkefni. Hið nýja prófastsdæmi mun ná frá Selvogi austur í Lón og telja rúmlega tuttugu og tvö þúsund þjóðkirkjumeðlimi.

Vestmannaeyingar munu færast úr Kjalarnesprófastsdæmi og verða að nýju með sunnlendingum.

Þetta mun kalla á töluvert breytt hlutverk prófastsembættisins og þeirra verkefna sem því verður ætlað. Því hefur það nú orðið að ráði að séra Axel Árnason Njarðvík taki að sér nýtt verkefni á vegum kirkjunnar og verði héraðsprestur hins nýja Suðurprófastsdæmis, héraðsprestar eru starfandi í öllum stærri prófastsdæmum landsins.

Í samræmi við ákvörðun Kirkjuþings frá því nú í haust um breytta skipan prestakalla og prófastsdæma, mun þetta hafa það í för með sér að Ólafsvalla-Stóra Núps- Hrepphóla- og Hruna- sóknir mynda nýtt prestakall sem dregur nafn sitt af staðnum þar sem prestsetrið á að verða og heita Hrunaprestakall.

Svo sem flestum er kunnugt þá gekk samþykkt Kirkjuþings út á það að Hruna og Stóra Núps prestaköll yrðu sameinuð um leið og annar hvor prestanna léti af störfum. Þar sem ég er sá prestur sem eftir situr þá verður það hlutskipti þeirra sem áður tilheyrðu Stóra- Núps prestakalli að fá til þjónustu við sig prest sem þau hafa ekki átt þátt í því að velja. Það er auðvitað von mín og bæn að fólk taki þessu með skilningi og umburðarlyndi en get þó engan veginn gengið að því sem gefnu. Þetta mun enn fremur óhjákvæmilega kalla á einhverjar breytingar á skipan þeirrar prestsþjónustu sem veitt hefur verið hér um slóðir.

Helgihaldið framundan

Sunnudagur 13. desember kl.20:30 aðventukyrrð í Hrunakirkju. Hlín Pétursdóttir

sópransöngkona syngur við undirleik Stefáns Þorleifssonar

Aðfangadagur 24. des. kl.23:00 Helgistund í Hrunakirkju

Jóladagur 25. des. Hátíðarmessa í Hrepphólakirkju kl.11:00

Jóladagur 25. des. Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 14:00

Gamlársdagur 31. des. messa í Tungufellskirkju kl. 16:00

Úr Kirkjubókinni

Skírnrir

Kormákur Hjalti var skírður 1. júní hann er fæddur 28. mars 2009

Foreldrar: Inga Jóna Hjaltadóttir Galtafelli og Benedikt Kristjánsson

Hjalti var skírður 9. ágúst. Hann er fæddur 28. júní 2009.

Foreldrar: Dúna Rut Karlsdóttir og Árni Hjaltason Galtafelli.

Adrián Valur var skírður 5. september. Hann er fæddur 8. ágúst 2009

Foreldrar: Silke Leyk og Stefán Freyr Guðmundsson Skyggni.

Svanhvít Sunneva var skírð 17. október. Hún er fædd 4. október 2009

Foreldrar: Kristín Ásgeirsdóttir og Friðrik Brynjar Friðriksson.

Róbert Arnar var skírður 1. nóvember. Hann er fæddur 25. júlí 2009.

Foreldrar: Jónína Sigríður Grímsdóttir Ásatúni og Halldór Ari Tómasson.

Hjónavígslur:

Aldís Þóra Harðardóttir og Sigurjón Bergsson giftu sig í Hrunakirkju 4. Júlí.

Heimili þeirra er, sem stendur, í Danmörku

Lára Bryndís Pálmarsdóttir og Bragi Þór Gíslason giftu sig í Hrunakirkju 11.

Júlí.

Heimili þeirra er Vesturgata 83 Akranesi.

Erla Björg Arnardóttir og Vilberg Tryggvason giftu sig í Hrunakirkju 12.

September.

Heimili þeirra er Mýrarstígur 7 á Flúðum.

Að lokum sendum við Hrunahjón sóknarnefndafólki, samstarfsfólki og öllum íbúum Hrunamannahrepps okkar bestu kveðjur og óskir um gleðileg jól, farsæld og Guðs blessun á nýju ári.

Í Guðs friði,

Eiríkur Jóhannsson.

Samkaup strax



Opnunartími í desember .

Friðjudagur 22. desember	09:00-19:00
Þorláksmessa 23. desember	09:00-19:00
Aðfangadagur 24. desember	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum	LOKAÐ
Sunnudagur 27. desember	10:00-17:00
Mánudagur 28. desember	09:00-19:00
Friðjudagur 29. desember	09:00-19:00
Miðvikudagur 30. desember	09:00-19:00
31. desember Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur 01.01.2010	LOKAÐ
Sunnudagur 02.01.2010	10:00-17:00

JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

Frímerki eru seld í búðinni
Munið helgartilboðin

**Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða**

Jólakveðjur

**Starfsfólk Samkaupa Strax
á Flúðum.**

GLEÐILEG JÓL



LEIKUR AÐ LIST, Íslenskt og heimagert Jólasokkar, jóladúkar og jólaflöskupokar Möggu komnar í Leikur að List.

Einnig nýjar flottar svuntur, töskur, smekkir, tekassar, grifflur osfr.

Máluðu steinhúsin tilbúin.

Verið velkomin/n. Dóra Mjöll Laugarlandi s.8475920

Frá launafulltrúa!!!!!!

ÁRÍÐANDI TILKYNNING

Hlutaðeigandi eru minntir á að skila inn skýrslum um nefndalaun og önnur ógreidd laun vegna ársins 2009 í síðasta lagi 21. desember nk.

Jarðabók Skeiðahrepps eftir Jón Eiríksson bónda í Vorsabæ er enn fáanleg. Stórkostleg bók sem allir þurfa að eignast. Í bókinni eru örnefnalýsingar á öllum jörðum á Skeiðum og ábúendaskrá. Ótal myndir prýða bókina. Hef tekið að mér að hafa bókina til sölu til hagræðis fyrir Hrunamenn og fleiri. Karl Gunnlaugsson Varmalæk

Frá heilsugæslunni í Laugarási.

Opnunartími stöðvarinnar breytist frá og með 1. jan. 2010

Opið verður frá kl 8:30 á morgnana til kl 16:30

Símatímar verða sem fyrr frá kl 9-9:30 og 13-13:30

Sími stöðvarinnar er 480 5300

Til sölu



Stærð. 40



St.7(40-41)



St . 39

Mjög vandaðir skór.

Einnig til sölu nýir stelpuskautar nr. 35

Upplýsingar í síma 8653577

Átgrindur - milligrindur



Í ljósi aðstæðna í íslensku þjóðfélagi höfum við gert samkomulag við birgja okkar í fjósinnréttingum. Höfum við því hafið eigin framleiðslu og af því tilefni bjóðum við nú **20% afslátt** í þessum vöruflokki. *Frír flutningur á Akureyri*



Slæðivarnir og úrval festinga



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Fjós eru okkar fag

landstolpi.is



Frá Bókasafni Hrunamanna



Nú eru margar nýjar, skemmtilegar og fróðlegar bækur komnar á bókasafnið. Því er um að gera að koma við og athuga hvað bíður spennandi í hillunum.

Á gegnir.is (Mínar síður) geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, hvenær skiladagur er og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Bókasafnið verður opið milli jóla og nýárs. Lokað fimmtudaginn 31. desember.

Vanskilagjald reiknast eftir síðasta skiladag, það er 5,- kr. á pr. bók og önnur safngögn.

Vinsamlegast athugið!

Sjái lánþegi fram á að hann muni ekki getað skilað safngögnum á réttum tíma, þá getur hann framlengt útlánin með því að:

Skrá sig inn á „Mínar síður“ á Gegnir.is

Haft samband með einu símtali (486 6708)

Sent póst á netfangið bokasafn@fludir.is

Verið hjartanlega velkomin – Gleðileg bókaþjón.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is





SKÖTU OG SALTFISKVÉISLA Á GRUND

SKÖTU OG SALTFISK HLADBORD OG KAFFI OG KONFEKT Á EFTIR

Á ÞORLÁKSMESSU FRÁ KL: 12.00-14.00 OG FRÁ KL
19.00-21.00

VERÐ KR. 2.300 PER MANN

VINSAMLEGA PANTID TÍMANLEGA Í SÍMA 552-6962
VIÐ ÓSKUM ÖLLUM ÍBÚUM HRUNAMANNAHREPPS
GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI OG
ÞÖKKUM ÁNÆGJULEG VIÐSKIPTI Á ÁRINU



Körfugerðarnámskeið

Boðið verður upp á námskeið í körfugerð fyrir jólin, þar sem notast verður við efnivið úr garðinum.

Mánudagskvöldið 14. desember kl. 20:00 verður námskeið í gerð lítilla kramarhúsakarfa. Verð kr. 3000, innifalið er efni í tvær litlar körfur.

Þriðjudagskvöldið 15. desember kl. 20:00 verður námskeið í gerð stórra karfa, sem hægt er að hafa úti. Verð kr. 7000, innifalið er fata og annar efniviður sem þarf í stóra körfu (kr. 5000 án fötu).

Námskeiðin verða haldin að Vesturbrún 4, Flúðum, skráning hjá Guðrúnu í síma 8471359.



*Aðalfundur Hótel Flúða verður haldinn 18.
desember kl. 14:00 á Hótel Flúðum.
Venjuleg aðalfundarstörf*

TAXI – TAXI
LEIGUBÍLL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU
8 FARÞEGA BÍLL, STAÐSETTUR Á FLÚÐUM
HAFIÐ SAMBAND
Í SÍMA: 893-1462 (UNNAR)



HJÓNABALL !

Viljum endilega vekja athygli á
Hjónaballinu sem er fyrirhugað
laugardagskvöldið 6. mars 2010
Hjónaballsnefnd

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Fördun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Hvítarlax í forrétt um jól og áramót

Höfum til sölu gómsætan grafinn og reyktan lax úr Hvítá. Hægt er að fá hann bæði í hálfum og heilum flökum og er hann alveg tilvalinn í forrétt um hátíðarnar. Upplýsingar í síma 861-3475, Ninni

FRUMNÁMSKEIÐ VINNUVÉLA

Á Flúðum

Fyrir væntanlega stjórnendur lyftara með allt að 10 t lyftigetu, dráttarvéla m/tækjabúnaði, krana minni en 18 tm, valtara, malbikunarvéla og fjölnotatækja upp að 4 t eigin þyngd, verður haldið á Flúðum, 25.,26. og 27. janúar 2010 , ef næg þátttaka fæst.

Kostnaður er ca 23.000 per mann.

Möguleiki er að fá námsgögn á erlendum tungumálum.

Skráning og upplýsingar í síma 892-2370 eða í

netfangið fludaleid@simnet.is .



Vinnueftirlit ríkisins og Flúðaleið ehf

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00

Tækjasalurinn í Íþróttahúsinu er opin:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 15:30-21:00

Sundlaugin á Flúðum.

Um jól og áramót er lokað eftirtalda daga:
23-24-25-26-31 desember og 1. janúar 2010

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Taktu þér tak með
Herbalife.
Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.
silja1@simnet.is / 892
16 6728



Hár-Hrun
Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjösssi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Fótsnyrting

Laugardaginn 19. desember n.k. mun Hafdís Magnúsdóttir fótaaðgerðarfræðingur verða í kjallaranum að Heimalandi. Eldri borgarar og aðrir íbúar látum okkur líða vel og njótum þess sem okkur stendur til boða.

Tímapantanir hjá Hafdís í síma 567 7667 eða 849 7619.

Til sölu

Beko tveggja ára gömul eldavél og tveir furuskenkir
Upplýsingar í síma 486 6725 eða 869 1341

Jarðgerð í Hrunamannahreppi

Lærdómur um meðferð úrgangsefna af lífrænum uppruna.

Jarðgerð er ekki bara jarðgerð.

Jarðgerð er samheiti yfir nokkrar mismunandi aðferðir við að breyta hinum ýmsu tegundum lífræns úrgangs í næringarríkan jarðveg.

Lífrænn úrgangur er fjölíðaður flokkur efna af lífrænum uppruna bæði úr jurta- og dýraríki. Sem dæmi um úrgang úr jurtaríkinu er kaffikorgur, kartöfluskral, brauð, ávaxta- og grænmetisafgangar. Úr dýraríkinu er það helst fisk- og kjötafgangar.

Áætlað er að 30-50% af heildarþunga heimilissorps sé lífrænn úrgangur. Lífrænn úrgangur frá atvinnurekstri fer að sjálfsögðu eftir eðli rekstrarins, stór hluti af úrgangi frá matvöruverslun, veitingarstöðum og garðyrkju er af lífrænum uppruna.

Hver er munurinn á heima jarðgerð og miðlægri jarðgerð?

Heimajarðgerð

Heimajarðgerð er meðhöndlun á lífrænum úrgangi tilvalin fyrir þá sem búa í dreifbýli og garðaeigendur í þéttbýli. Heimajarðgerð má í raun skipta í tvo flokka. Lægra stig og efra stig. Lægra stigið er þá jarðgerð á þeim lífrænum efnem sem falla til í garðinum gras, greinar afklippur plantna einnig það sem fellur til í eldhúsinu úr plönturíkinu, grænmetisafgangar, kaffikorgur brauð o.þ.h. Til þess að jarðgera á þennan hátt þarf ekki mikinn né dýran búnað, einfaldur 2ja hólfa kassi er nóg, en í þessum kössum er niðurbrotið frekar hægt. Stærri greinar er betra að kurla því þær brotna hægt niður. Stoðefni eru nauðsynleg til þess að loftrými sé nægt í haugnum, en stoðefni er t.d. greinar eða timburkurl. Annað slagið þarf síðan að hræra í haugnum til þess að lofta hann. Það er vegna þess að örverurnar sem brjóta niður lífrænu efnin þurfa súrefni til sinna starfa, en þær stunda svokallað loftháð niðurbrot. Ef haugurinn verður of þéttur og súrefni kemst ekki að þá byrjar loftfirrt niðurbrot en þar starfa örverur sem kjósa súrefnislaust umhverfi. Loftfirrt niðurbrot er óæskilegt í jarðgerð vegna þess að við þær aðstæður hefst metan framleiðsla, en metan er áhrifarík gróðurhúsalofttegund, einnig fylgir loftfirrtu niðurbroti vond lykt og súr safi.

Þegar haugurinn er orðin moldarkenndur er upplagt að nota hann sem jarðvegsbæti í garðinum.

Efra stigið í jarðgerð krefst betri búnaðar og meiri aðhlyningar. Jarðgerðarkassinn þarf að vera einangraður því að hitastigið þarf að ná allt að 60°C til þess að niðurbrotið gangi hratt og eyðing óæskilegra örvera nái fram að ganga. Í þessa einangruðu kassa er síðan látinn allur lífrænn úrgangur úr eldhúsi bæði úr dýra- og plönturíki. Niðurbrot á sér stað allan ársins hring í þessum kössum og þarf að lofta innihaldið reglulega og nota rétt magn af stoðefnum eins og trjákurli eða pappakurli.

Margvíslegur ávinningur er af heimajarðgerð:

-Lífræn efni og næringarsölt glatast ekki heldur mynda jarðvegsbæti, náttúrulegan áburð sem er auðvelt og ódýrt að framleiða.

-Dregur úr mengun vegna flutnings, brennslu eða urðunar heimilisúrgangs.

Dregur úr þörf fyrir sorpmóttöku, sorpflutningar dragast saman og kostnaður vegna sorpeyðingar minnkar. Ekki er óeðlilegt að opinberar álögur vegna sorphirðu minnki af þessum sökum.

-Heimajarðgerð gefur öllum möguleika á að vinna að umhverfismálum og bera persónulega ábyrgð á þeim.

-Heimajarðgerð veitir fólki, ekki síst börnum skilning og þekkingu á náttúrulegu hringferli lífrænna efna.

Miðlæg jarðgerð

Fer þannig fram að heimili og atvinnurekstur flokka lífrænan úrgang við upprunastað og geyma í þar til gerðu íláti, þar til sorphirðuaðili sækir úrganginn og kemur honum á jarðgerðarsvæði. Á jarðgerðarsvæðinu er úrganginum blandað við önnur lífræn efni s.s. timburkurl, hey, pappa og hrossaskít svo jarðgerðin gangi vel fyrir sig og afurðin verði samkvæmt óskum.

-Helstu kostir miðlægrar jarðgerðar umfram heimajarðgerð eru.

-Minni fyrirhöfn og betri þátttaka heimilanna.

-Veldur ekki lyktarvandamálum í þéttbýli.

-Minnkar líkurnar á óþægindum vegna meindýra.

Aðrir möguleikar á nýtingu lífræns úrgangs

Ef lítið fellur til af lífrænum úrgangi við heimili er einnig hægt að beita holulausn við jarðgerðina en sú aðferð verður kynnt betur síðar.

Jarðgerðarkassarnir sem ganga reyndar líka undir nöfnum safn- og molumkassar fást á eftirtöldum stöðum:

Söluheiti	Stærð lítrar	Efni	Botn	Verð kr.	Annað
Ísl. gámafléggjé			Já Já		Flugnet, með ornustiga og loftsnarðri Flugnet, án ornust. og loftf.
Sölufr. Garðyrkjun. S: 554 3211	330 325 375	Plast Plast Plast	já já/nei já		Botn kr 1.980
BYKO S: 515 1000	330 220 360 720	Plast Plast Tré Tré	nei nei nei nei		Opin að ofan. Línfaldur Opin að ofan. Tvöfaldur
Húsasmiðjan. Vatnasöl S: 564 1864	1920 165 465	Tré Plast Plast	nei nei nei		Tvöfalt plast. Ívöfalt plast.
Hamaland 471 1290 Lrjo S: 567 7860	190 480	Tré Net	já nei		Finangraður 2" net og stangir.

Aðrir söluheilar: Flutningatækni, Borgarplást, Tómas Þórir Jónsson ? .

Þess má einnig geta að handhægar minnur með loki til að hafa undir eldhúsvaskinum má fá hjá TKFA.

Uppskrift af farsælli framtíð

Við lítum oft langt yfir skammt þegar við viljum gera láta gott af okkur leiða. Meðfylgjandi er uppskrift af umhverfislegu góðverki. Uppskriftin skilar næringarríkum jarðvegsbæti fyrir garða og til.

Það besta við þessa uppskrift er að þú átt yfirleitt öll hráefnin, þau kosta ekki neitt og uppskriftin bakar sig sjálf.

Í uppskriftina þarf:

-Slatta af smáum greinum.

-3 hluta af matarúrgangi úr plönturíkinu. Ávexti, grænmeti, brauð, tepoka kaffikorg og þessháttar.

-1 hluta stoðefni. Grófan spæni, timburkurl, pappakurl eða hálm.

Áhöld.

Jarðgerðarkassi og hræra (getur verið gaffall eða bara prik)

Aðferðin:

Leggið smáu greinarnar í botninn á kassanum. Matarúrgangurinn er settur í kassann jafnóðum og hann fellur til, stoðefnum stráð yfir eftir þörfum. Einu sinni í viku, fer eftir magninnkomu hráefna, er rétt að hræra í haugnum og vökva lítið eitt ef þörf krefur. Jarðvegsbætirinn er síðan tilbúinn þegar hann er orðin dökkur og hættur að hitna þegar hrært er í honum.



Þjálfun og tanning

Ég er með aðstöðu í Eyði-Sandvík rétt fyrir utan Selfoss og er með laus pláss í tanningu og þjálfun. Gott hesthús og inniádstöðu.

Ég er Tanningarmaður FT og útskrifaður reiðkennari og þjálfari frá Háskólanum á Hólum.

Upplýsingar í síma 8446967 hjá Coru Claas. Netfang: jovanna@gmx.de

HÚSALEIGUBÆTUR

Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta (skv 10. gr laga um húsaleigubætur. Hægt er að lesa löginn í heild á felagsmalaraduneyti.is

Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 16.janúar 2010.

Sveitarstjóri

Útlaginn minnir á að laugardagskvöldið 12.desember mun hljómsveitin Mónó halda uppi fjörinu fram á nótt

Látið sjá ykkur:-)





Jóla­kveðja frá Hótel Flúðum
*Óskum viðskiptavinum okkar og sveitungum,
 gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
 Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
 Starfsfólk Hótel­s Flúða*



Jóla­kveðja
 Sendum öllum óskir um gleðileg jól og farsæld
 á komandi ári.
 Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
 Flúðaleið og SR-Grænmeti.



Jóla­kveðja



Kaffi-Sel sendir öllum íbúum Hrunamannahrepps og
 öðrum viðskiptavinum ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár með
 þökk fyrir árið sem er að líða.

Með hátíðarkveðju
 Starfsfólk Kaffi-Sels
 Símar: 486-6454/891-7811
 Netfang: info@kaffisel.is



Frá Útlaganum

*Sendum viðskiptavinum og sveitungum
 hugheilar jóla og nýárs­kveðjur.
 Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
 Minnum á skötuna sem verður á sínum stað
 á Þorláksmessu*



Fjallaraf
 sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
 Hrunamannahreppi
 845 Flúðir

Sími 662 0530
 Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán



Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580



Jólatrésala



Björgunarfélagsins Eyvindar.

Verður í húsi félagsins á Flúðum,

Laugardaginn 12. desember frá kl. 13:00 - 20:00

Sunnudaginn 13. desember frá kl. 13:00 - 18:00

Verðum með allar helstu tegundir af trjám eins og undanfarin ár. Verðum einnig með hvítar birkigreinar og Híasintuskreytingar til sölu. Vonumst við til að sem flestir komi og kaupi sér tré og styrki með því gott málefni.

Björgunarfélagið Eyvindur sendir öllum Hrunamönnum, nærsveitungum og öðrum sem hafa styrkt okkur á einn eða annan hátt, óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár með þökk fyrir góðan stuðning á liðnu ári.

FLUGELDASALA

Flugeldasala Björgunarfélagsins Eyvindar verður á sínum stað nánar auglýst síðar.

